STJÓRNARTÍÐINDI B 48 - 1994

5. júlí 1994 1181 Nr. 376

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 339, 23. júní 1994 um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með eftirfarandi takmörkunum:

A. Veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64° 30'N.

B. Veiðar eru bannaðar vestan 19°V sunnan línu, sem dregin er um eftirfarandi punkta:

1. 67° 45'N - 19°00'V
2. 67° 45'N - 22°00'V
3. 66° 00'N - 27°00'V

Syðri mörk svæðisins út af Vestfjörðum markast af 66°00'N.

Ráðuneytinu er heimilt að stöðva loðnuveiðar í lögsögu Jan Mayen, þegar íslensku skipin hafa veitt 60% af heildarafla sínum í lögsögu Jan Mayen.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1994.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 376. Útgáfudagur 5. júlí 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.